

Aðalfundur Hollvinafélags MR 1. júní 2021

Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík boðar til aðalfundar á Sal Menntaskólans í Reykjavík þriðjudaginn 1. júní klukkan 17:00. Dagskrá samkvæmt samþykktum:

- Formaður setur fundinn.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu
- Framlagning ársreikninga til umræðu og samþykktar
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins
- Aðrar tillögur rétt fram bornar
- Kosning 9 stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál

Einfaldur meirihluti félagsmanna ræður úrslitum mála á aðalfundi.

Samþykktir félagsins má sjá hér (<http://hollvinirmr.is/index.php/samthyktir>).

Framboðsfrestur rennur út sjö dögum fyrir aðalfund. Tillögur sem leggja á fyrir fundinn skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

Rétt til setu hafa allir stúdentar frá Menntaskólanum í Reykjavík.